

Fundargerð samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn þann 11. maí 2017. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 30 í Reykjavík og hófst kl. 13:00.

Fulltrúar BSRB á fundinum voru: Arna Jakobína Björnsdóttir, Guðbjörn Arngrímsson, Ásbjörn Sigurðsson, Karl Rúnar Þórsson og Garðar Hilmarsson.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru: Inga Rún Ólafsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir, Benedikt Valsson og Ellisif Tinna Víðisdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Afturvirkar launaleiðréttingar

Sú framkvæmdavenja sem sveitarfélögin hafa almennt fylgt fram að þessu við afturvirka leiðréttingu vangoldinna launa er sú að leiðrétt hefur verið samkvæmt þeirri launatöflu sem í gildi er þegar leiðréttingin fer fram en dráttarvextir þá ekki greiddir.

Með dómsniðurstöðum hefur verið staðfest að afturvirkar leiðréttingar vegna vangoldinna launa skuli miðast við gildandi launatöflu hvers tímabils og greiða dráttarvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands sem nú er samkvæmt tilkynningu Seðlabanka Íslands um dráttarvexti og vexti af peningakröfum nr. 04/2017, 12,75%.

1. Ný grein 1.5.5 um aðalhreingerningu skólaliða

Samráðsnefndin var sammála um að bæta við í kjarasamninga starfsmannafélaganna nýrri grein 1.5.5 er gildir frá 1. desember 2015 og hljóðar svo:

Yfirvinna skal greidd skólaliðum í grunnskólum þegar þeir sinna aðalhreingerningum.

2. Áminningarferli

Málið kynnt og fulltrúar starfsmannafélaganna fara yfir þær leiðbeiningar sem eru á heimasíðu Sambandsins og koma með athugasemdir.

3. Trúnaðarlæknir

Málið kynnt og farið yfir hlutverk trúnaðarlæknis. Nefndin sammála um að skoða lög um hlutverk trúnaðarlæknis og valdsvið hans og beitingu.

4. Bráðabirgðaröðun starfa í starfsmati

Rætt um fyrirkomulag og mögulega eftirfylgni.

5. Tilkynning veikinda.

Umræður um tilkynningu á veikindaforföllum til yfirmanns og þriðja aðila. Aðilar munu skoða þetta mál fyrir næsta fund. FOSS mun senda inn upplýsingar um málið. Frekari umræða um málið er frestað til næsta fundar.

6. Vetrarleyfi

Gr. 2.6.7. vinna þarf útreiknireglur um veitingu vetrarleyfis hjá starfsmönnum sem vinna vaktavinnu á rauðum dögum. Fulltrúar starfsmannafélaganna skoða málið og koma með tillögu á næsta fund.

7. Næsti fundur samráðsnefndar

Ákveðið var að halda næsta fund samráðsnefndarinnar þann 7. júní 2017 kl. 8:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.